

Landsmótslagið

Hugi Guðmundsson, tónskáld, samdi landsmótslagið 2014 við ljóð Jakóbínu Sigurðardóttur „Vor í Garði“

Hann nam tónsmíðar við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík og útskrifaðist þaðan vorið 2001. Tónsmíðakennarar hans þar voru Þorkell Sigurbjörnsson og Úlfar Ingi Haraldsson. Þaðan hélt Hugi til Kaupmannahafnar til áframhaldandi tónsmíðanáms við Konunglegu Tónlistarakademiuna, þar sem kennarar hans voru Bent Sörensen, Hans Abrahamsen og Niels Rosing-Schow. Hann lauk mastersgráðu þaðan vorið 2005. Tveimur árum síðar lauk hann svo mastersnámi í raf- og tölvutónlist frá Sonology-stofnuninni í Den Haag í Hollandi.

Hugi hlaut íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónverkið Apocrypha árið 2008 og fyrir Orkestur árið 2013, auk fjölda tilnefninga. Hann hefur hlotið þrjár viðurkenningar á Alþjóðlega tónskáldaþinginu (international Rostrum of Composers) m.a. fyrir verkið Händelusive, en það var jafnframt tilnefnt til ISCM Young Composers Award 2011. Hugi hefur allt frá námslokum árið 2007 unnið sem sjálfstætt starfandi tónskáld í Danmörku og á Íslandi.

Jakóbína Sigurðardóttir er höfundur landsmótsljóðsins. Jakóbína var fædd 8. júlí 1918 í Hælavík í Sléttuhreppi og lést 29. janúar 1994. Hún stundaði nám við Ingimarsskólann í Reykjavík og nam utanskóla við Kennaraskóla Íslands í hálfan vetur. Árið 1949 fluttist hún að Garði í Mývatnssveit, þar sem hún síðan var húsfreyja. Jakóbína var með þekktustu rithöfundum landsins á sinni tíð og var í heiðurslaunaflokki listamanna á efri árum.